



## Hreppsnefnd 3. apríl 2001

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn í Miklagarði kl. 13.00 þriðjudaginn 3. apríl 2001. Mættir voru Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Ólafur Sigmarsson oddviti. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

1:mál. Atvinnumál. Á fundinn mættu fulltrúar atvinnumálanefndar Vopnafjarðarhrepps Árni Magnússon, Baldur Hallgrímsson, Bárður Jónasson, Helgi Þorsteinsson og Jóhann Már Róbertsson. Jafnframt mættu á fundinn Framkvæmdastjóri Tanga h/f Friðrik Mar Guðmundsson og stjórnarformaður fyrirtækisins Ólafur Ármannsson.

Forsvarsmenn Tanga h/f gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum ársreikninga fyrirtækisins fyrir árið 2000. Ennfremur voru miklar umræður um það með hvaða hætti helst mætti tryggja sem jafnasta og öruggasta vinnslu í deildum fyrirtækisins. Miklar umræður urðu um þessi mál og komu fram nokkrar hugmyndir um það hvernig helst mætti standa að því að tryggja næga atvinnu í landi.

Nánast allir fundarmenn tóku til máls og lýstu sjónarmiðum sínum. Í raun má segja að allir fundarmenn hafi talið að sókn væri besta vörnin og vinna þyrfti af krafti í því að efla núverandi starfsemi Tanga h/f og jafnframt væri nauðsynlegt, jafnhliða að vinna að og skoða vel nýja möguleika í atvinnuuppbyggingu þannig að tryggja mætti sem mest atvinnuöryggi á svæðinu bæði til skamms og lengri tíma.

Niðurstaða fundarins varð sú að fela Ólafi Sigmarssyni, oddvita, Árna Magnússyni formanni atvinnumálanefndar, Friðrik Mar Guðmundssyni framkvæmdastjóra Tanga h/f, Ólafi Ármannssyni Stjórnarformanni fyrirtækisins og Þorsteini Seinssyni sveitarstjóra, að semja ályktun um áttvinnuálin er lögð verði fyrir næsta fund hreppsnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið